**130. löggjafarþing 2003–2004.**
**Þskj. 76 — 76. mál.**

# Fyrirspurn

til forsætisráðherra um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað líður undirbúningi heildstæðrar og samræmdrar opinberrar stefnumótunar í málefnum barna og unglinga, en samkvæmt ályktun sem Alþingi samþykkti 11. maí 2001 átti að leggja framkvæmdaáætlun um slíka stefnu fyrir Alþingi til staðfestingar eigi síðar en á haustþingi árið 2002?
2. Hvenær verður framkvæmdaáætlun lögð fyrir Alþingi og hverjar eru helstu tillögur að opinberri stefnumótun í málefnum barna og unglinga?